

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Helguvík, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 18. desember 2012 samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Helguvík. Breytingin er sett fram á uppdrætti frá því í desember 2012 og felst í að gerð er ný 50.000 fermetra lóð á hafnarsvæðinu sem verður nr. 6 við Stakksbraut. Einnig er lóðinni nr. 4 við Stakksbraut snúið frá höfninni. Við þessar breytingar færast mörk efra svæðis og lóðirnar nr. 2 og 4 við Selvík minnka um 37.917,5 fermetra.

Málsmeðferð var í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 27. febrúar 2013.

Árni Sigfússon bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2013